

Para saman bókstafi

Efni:

Hlið úr pappakassa

Sama stærð af lituðu kartoni

Lím

Skæri

Íslenska starfrófið, hér gert í Century Gothic 150 punkta letri og rammi utan um.

Plöstunarfél og nokkur plöst

Bókaplast

Karfa undir lausu bókstafina

Aðferð:

Kartonið og pappinn er klippt í sömu stærð og kartonið er límt á pappann. Stafrófið er prentað út í tveimur eintökum, klippt út og er annað límt á kartonið í óreglulegri röð. Stóra spjaldið er síðan plastað með bókaplasti. Hinir bókstafirnir eru settir í plast fyrir plöstunarfélur, þeim rennt í gegnum plöstunarfélina og svo eru þeir klipptir út.

Leikurinn:

Para saman bókstafi með því að setja lausu stafina á sama bókstaf á spjaldinu. Börnin gætu þekkt suma stafina en aðra ekki. Hlutverk hins fullorðna er að segja barninu hvað stafirnir heita og hvaða orð sem barnið þekkir eiga þennan staf.

Dæmi af einum tæplega þriggja ára sem prófaði þetta:

Hann tók upp stafinn O og spurði hvað hann hét. Ég sagði honum að hann hét O og þá spurði hann hver ætti O. Ég sagði t.d. ostur og ormur og þá sagði hann: „Ég sá orm í gær og hann á O“.

Útfærsla á þessu:

- Prenta bókstafina út í þremur eintökum og væru þá tvö prentuð á þykkari pappír sem sést ekki í gegnum. Þriðja eintakið býður þá upp á möguleika á því að velja úr nokkra bókstafi og spila sem minnisspil eða raða þeim upp í nokkur bingóspjöld.
- Gera svona spjald með há- og lágstöfum og færu þá t.d. hástafirnir á stóra spjaldið en barnið á að setja samsvarandi lágstaf ofan á hástaf.
- Gera annað sams konar spjald bara með lágstöfum sem á þá að para saman.
- Nota há- og lágstafi sem minnisspil eða raða þeim upp í nokkur bingóspjöld.
- Fyrir tvítýngd börn má útbúa svona spil með bókstöfum á þeirra tungumáli.
- Ef eitthvað barn í skólanum heitir nafni sem byrjar t.d. á C eða Z er sjálfsagt að bæta því við í þetta.

ATH:

Ef notaður er venjulegur pappír sést í gegnum hann þannig að ef þið hafið í hyggju að nota stafina á fjölbreyttari hátt er ráðlagt að notta þykkari pappír sem sést ekki í gegnum þegar búið er að plasta í plöstunarfélina.

Þriggja ára áhugasamur strákur að leika með bókstafina

